

103

28. okt.

85. gr.
Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari, og eigi verður krafinn af einstökum mönnum, greiðir bæjarsjóður.

86. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Neskaup-
tún í Norðfirði frá 1. júní 1925.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. desember 1930.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. október 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Gissur Bergsteinsson.

104

30. okt.

BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ

um

búfjártryggingar.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 28, 7. maí 1928, um búfjártryggingar, eru hérmeð settar eftirfarandi reglur:

I. KAFLI.

Almenn ákvæði. Virðing gripa til váttryggingar. Iðgjöld.

1. gr.

Heimilt er sveitar- og bæjarfélögum á Íslandi að stofna váttryggingarsjóði, með skylduábyrgð fyrir kýr, kynbótanaut, kynbótahesta og hrúta.

Verksvið sjóðanna fer eftir lögum nr. 28, 7. maí 1928 og reglugerð þessari.

Yfirstjórn þeirra mála, sem falla undir lög þessi og reglugerð, hefir at-
vinnumálaráðherra. Hann úrskurðar og ágreining, er rísa kann útaf málum þess-
um, nema um dómsmál sé að ræða.

2. gr.

104

Vátryggingarskylda hvílir á öllum eigendum þeirra gripa, sem taldir eru í 1. gr., þegar samþykkt hefir verið á löglegan hátt að stofna tryggingarsjóð, sbr. 14. gr. 30. okt.

3. gr.

Nú er vátryggingarsjóður löglega stofnaður, og skal þá hlutaðeigandi sveitarstjórn eða bæjarstjórn tilkynna það hlutaðeigandi sýslumanni eða lög-reglustjóra, svo að hann útnefni virðingarmenn fyrir sjóðinn, 2 eða fleiri, eftir því sem sveitarstjórn eða bæjarstjórn ákveður, og 1 varamann fyrir hverja 2 aðalvirðingarmenn, til þess að virða gripi til vátryggingar og skaðabóta samkvæmt reglugerð þessari.

Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða fyrir 1 ár í senn jafnaðarverð til skaðabóta, á öllum nautgripum í hreppnum, án þess að sérstakt mat fari fram. Má það verð ekki vera hærra en það, sem telja má sannvirði á meðal grip. Vilji vátryggjandi eigi hlíta því meðalverði, sem þannig er sett, getur hann á sinn kostnað látið hina tilnefndu virðingarmenn meta gripi sína, og vátryggt þá samkvæmt því mati.

Verði ágreiningur milli virðingarmanna og vátryggjanda, sker stjórn sjóðsins úr, en áfrýja má þeim úrskurði til atvinnumálaráðherra.

4. gr.

Allar virðingargerðir rita virðingarmenn inn í sérstaka bók, er ráðherra lætur gera og leggur til, en stjórn sjóðsins varðveitir, og sendir Búfjartryggingarsjóði Íslands afrit af öllum virðingargerðum og skaðabótavirðingum, á þar til gerð eyðublöð áður 3 mánuðir eru liðnir frá því virðing fór fram.

5. gr.

Allir þeir, sem eiga tryggingarskyldar kúr, eru skyldir til að halda fóður- og afurðaskýrslur fyrir þær, og leggjast skýrslurnar til grundvallar við virðingu gripanna, þó má virða þær í fyrsta sinn, án þess að fóður- og afurðaskýrslur séu fyrir hendi. Sama gildir og um fyrsta kálfs kvígur. Frjálsir eru þó virðingarmenn að, hve mikils þeir meta ástand gripanna, aldur, verðmæti til kynbóta og annað það, sem valdið getur verðmismun þeirra.

Nú styrkir Búnaðarfélag Íslands félag eða einstakan mann til kaups á kynbótagripi, og hefir eigandi hans rétt til að vátryggja hann því verði, er ráðunautur Búnaðarfélags Íslands virti hann til styrkveitingarinnar, þó hlutaðeigandi virðingarmenn meti hann lægra, en heimilt er þeim að lækka þetta verð, er gripurinn eldist.

Nú eflist gripurinn að þroska, eftir að hann var metinn af ráðunaut Búnaðarfélagsins, og reynist vel til kynbóta, og er þá virðingarmönnum heimilt að hækka virðinguna.

104

30. okt.

6. gr.

Aldrei má hafa í váttryggingu eldri gripi en hér segir: hrúta 6 vetra, kynbótanaut 12 vetra, kýr 15 vetra og stóðhesta 18 vetra, og miðast þessi takmörkun við 1. október, næst eftir að gripurinn náði aldurshámarkinu.

Lambhrúta má eigi taka í váttryggingu fyrr en liðnir eru 8 dagar frá bólusetningu. Svo getur og stjórn váttryggingarsjóðsins krafizt þess að váttryggðir hrútar skuli bólusettir veturgamlir og eldri, en ekki er heimilt að sjóðurinn bæti skaðann þó hrútar farist af bólusetningu, nema stjórn sjóðsins hafi fyrirfram viðurkennt þann, er bólusetur. Váttrygging á kynbótahestum nær til slysa af geldingu, þó því aðeins að dýralæknir eða annar maður, er stjórn sjóðsins hefir viðurkennt, geldir.

7. gr.

Virðingarmenn skulu virða váttryggingarskylda gripi á tímabilinu 1. okt.—1. des. ár hvert og gildir sú virðing fyrir næsta almanaksár. Auk þess virða þeir á öðrum tímum ársins, er með þarf, þá gripi, sem tryggðir kunna að verða yfir hluta af ári, sbr. 8. gr.

Kaup virðingarmanna skal vera 5% af iðgjöldum váttryggingarsjóðs til hvors.

Skylt er virðingarmönnum að neita um tryggingu á grip, ef þeir telja hann óhæfan til kynbóta sökum veikinda eða ekki svo hraustan, að rétt sé að setja þann á vetur.

8. gr.

Váttryggingarskyldir gripir tryggjast eitt reikningsár í senn. Skylt er og að tryggja gripi hluta af ári, ef þeir eru keyptir að á árinu eða verða tryggingarskyldir, sbr. 7. gr., og greiðist þá $\frac{1}{8}$ af ársiðgjaldi fyrir hvern mánuð, þó aldrei hærra fyrir árshluta en fyrir heilt ár.

9. gr.

Iðgjöld til váttryggingarsjóðs ákveður atvinnumálaráðherra, og auglýsir með eigi minna en 3 mánaða fyrirvara. Heimilt er honum að breyta iðgjöldunum eftir því, sem reynslan segir að með þurfi.

10. gr.

Gjalddagi iðgjaldanna er 1. febr. ár hvert, og er gjaldið lögtakskraft, sbr. 15. gr.

Iðgjaldið hvílir á hinum váttryggðu gripum, og greiðist af eigendum þeirra. Eigandi telst í þessu sambandi, hver sá er váttryggingarskylda gripi hefir undir höndum, hvort sem þeir eru eign hans eða leigugripir, eða þeir eru í hans umsjá sem formanns í félagi, er gripina á eða hefir á leigu.

II. KAFLI.

104

30. okt.

Skaðabætur og greiðsla þeirra.

11. gr.

Vátryggingarsjóður bætir $\frac{4}{5}$ hluta alls þess skaða, er eigendur eða afnotahafar vátryggðra gripa verða fyrir af hverskonar vanhöldum gripanna, ef ekki er um að kenna fóðurskort, hirðuleysi eða handvömm hlutaðeigenda, þjóna þeirra eða nánustu erfingja, að álit virðingarmanna sjóðsins.

Til vanhalda telst dauði gripa af hverskonar sjúkdómum og slysum, sbr. þó fyrstu málsgr. þessarar greinar, og bætir vátryggingarsjóður þá $\frac{4}{5}$ hluta af mismun virðingarverðs og sláturverðs gripsins eftir mati virðingarmanna (ef hann ónýttist ekki). Þá bætast og vanheimtur, svo og ef vátryggður gripur kemur fram svo fjarri heimili sínu, að hann er seldur, og bætir þá vátryggingarsjóður $\frac{4}{5}$ hluta af mismuninum á virðingarverði gripsins og þeim hluta söliverðsins sem eigandinn fær að frádregnum kostnaði.

Þá bætist og afnota- og afurðsmissir kúa, af neðantöldum kvillum, sem hér segir:

1. Doða, og hafi stjórn sjóðsins séð fyrir því að kostur væri á doðalækningum innan umdæmis tryggingarsjóðsins en lækning hafi verið reynd, ef þess var kostur, að álit sjóðsstjórnar.
2. Júfurbólgu.
3. Ef járn stendur í grip.
4. Ef höfn leysist.
5. Veikindum um burð.
6. Verulegum slysum, sem valda sjúkdómum.

Afurðamissir fyrir ofangreinda sjúkdóma miðast við afurðir gripsins síðasta ár á undan, en tekið skal tillit til áhrifa af árferði. Ekki skal bæta afurðatap, sem eigi er metið meira en $\frac{1}{5}$ af virðingarverði gripsins, en það sem þar er fram yfir bætist að fullu, þó aldrei hærri upphæð en greidd hefði verið í skaðabætur, ef gripurinn hefði farizt. Mjólkin skal virt því verði, sem hlutaðeigandi skattanefnd metur hana á þeim tíma.

Ef karldýr veikist eða slasast svo það verði frá notkun til undaneldis um nokkurn tíma, þá meta virðingarmenn skaðann til peningaverðs þannig, að þeir leggja verð á tolla þá, sem átti að greiða fyrir að nota gripinn, og áætla, að fengnum upplýsingum, hve margir tollar hafi tapazt, og bætist þessi skaði að $\frac{4}{5}$ hlutum.

Nú er ungt karldýr vátryggt fyr en reynsla er fengin um frjósemi þess, en reynist svo ófrjótt, og skal það þá metast aftur til peningaverðs, og mismunur þess og vátryggingarverðsins bætast að $\frac{4}{5}$ hlutum. Sama gildir og um kýr á vátryggingaraldri og karldýr, sem verða ófrjó.

104

30. okt.

Hvergi má vátryggja annarsstaðar þann $\frac{1}{5}$ hluta af virðingarverði vátryggðra gripa, sem ekki er vátryggður samkvæmt fyrirmælum 11. gr. Brot gegn þessu ákvæði varða missi skaðabótaréttar og er eigi endurkræft iðgjald það, sem greitt hefir verið.

12. gr.

13. gr.

Nú deyr gripur af slysum eða veikindum heima, og skal þá eigandi hans eða umráðamaður tilkynna öðrum hvorum virðingarmannanna það strax, svo hann meti verðmæti sláturafurðanna til frádráttar virðingarverðinu. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að taka gilda skýrslu eigandans eins, ef um hrút er að ræða en ekki stórgrip. Skal stjórn sjóðsins auglýsa öllum hreppsþúum í byrjun hvers árs, hvaða reglu hún fylgi um þetta.

Nú hverfur gripur úr heimahögum, og tilkynnir eigandi það hlutaðeigandi sjóðsstjórn, er honum þykir ólíklegt að gripurinn finnist, og færast skaðabætur fyrir gripinn sjóðnum til gjalda á því ári, er gripurinn hvarf. Komi gripurinn fram, eftir að hann hefir verið bættur, endurgreiði eigandinn skaðabæturnar, og hafa þær sama rétt til innheimtu og iðgjöld. Þó er sjóðnum skylt að greiða þann skaða, sem leiðir af hvarfi gripsins, að $\frac{4}{5}$ hlutum.

III. KAFLI.

Vátryggingarsjóðir sveitar- og bæjarfélaga.

14. gr.

Húsráðendur í sveitum, þeir er atkvæðisrétt eiga í sveitarmálum, og eigendur vátryggingarskyldra gripa í bæjarfélögum og kauptúnum, sem eru hreppar út af fyrir sig, geta á lögætum fundi stofnað vátryggingarsjóð, sbr. 7. gr. laganna.

15. gr.

Hreppsnefnd í hreppum og bæjarstjórn í kaupstöðum hefir með höndum alla stjórn og umsjón vátryggingarsjóðs, og setur fé hans á vöxtu á hentugum stað, með fullri tryggingu. Sama gildir um innheimtu iðgjalda til sjóðsins, svo og um skýrslugerð og reikningshald. Iðgjöld hafa sama lögtaksrétt og sveitarútsvör, og ber stjórnin ábyrgð á að iðgjöldin komist í vátryggingarsjóð á réttum gjalddaga.

Nú vill sveitar- eða bæjarstjórn ekki taka að sér stjórn og umsjón vátryggingarsjóðs eða innheimtu iðgjalda til sjóðsins, og er henni þá heimilt að skipa 3 menn í nefnd, til 6 ára hvern, af búfjáreigendum sveitar- eða bæjarfélagsins, til þess að hafa starf þetta á hendi. Þó þarf til þess samþykki atvinnu-

málaráðherra. Hefir stjórnarnefnd þessi þá sama rétt og skyldur gagnvart sjóðnum, sem sveitar- eða bæjarstjórn.

104
30. okt.

16. gr.

Reikningsár vátryggingarsjóðs er almanaksár.

Um endurskoðun og úrskurð reikninga sjóðsins gilda sömu reglur og um reikninga sveitar- eða bæjarsjóðs, og skulu reikningar ár hvert vera fullgerðir fyrir 15. janúar.

17. gr.

Sveitarsjóður í hreppum og bæjarsjóður í kaupstöðum ábyrgist allar þær skyldur og skuldbindingar, er hvíla á vátryggingarsjóði, og greiðir skaðabætur, ef vátryggingarsjóður hrekkur ekki til, en vátryggingarsjóður endurgreiðir slík lán svo fljótt sem því verður við komið. Skal þá, ef nauðsyn krefur, auka iðgjöldin svo, að skuldin verði greidd að fullu á næstu 10 árum af auka-iðgjöldum.

IV. KAFLI.

Búfjártryggingarsjóður Íslands og viðskipti hans við vátryggingarsjóðina.

18. gr.

Búfjártryggingarsjóður Íslands, sem stofnaður er samkv. 16. gr. laganna, skal endurbyggja vátryggingarsjóði sveitar- og bæjarfélaga eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir. Er öllum vátryggingarsjóðum sveitar- og bæjarfélaga, sem stofnaðir eru samkvæmt lögnum og reglugerð þessari, skylt að endurbyggja hjá Búfjártryggingarsjóði Íslands.

19. gr.

Vátryggingarsjóðir sveitar- og bæjarfélaga greiða $\frac{1}{5}$ af iðgjöldum sínum í endurbyggjariðgjald til Búfjártryggingarsjóðs Íslands. Þá er virðingarmenn hafa fyrir 1. des. ár hvert samkv. 7. gr. lokið aðalvirðingu fyrir næsta almanaksár á vátryggingarskyldum gripum, skal stjórn hvers vátryggingarsjóðs fyrir 15. des. senda Búfjártryggingarsjóði Íslands skýrslu virðingarmanna um vátryggða gripi og verðmæti þeirra, og skal sú skýrsla vera sundurliðuð fyrir hvern einstakan búfjáreiganda, sem vátryggir í sjóðnum. Skýrslur um aðrar virðingar en þessa aðalvirðingu, sendir stjórn vátryggingarsjóðs jafnóðum til Búfjártryggingarsjóðs Íslands, eins og fyrir er mælt í 4. gr.

104
30. okt.

20. gr.

Búfjártryggingarsjóður Íslands bætir váttryggingarsjóði skaða þann, sem á umliðnu ári kann að hafa orðið á gripum þeim, sem váttryggðir eru í sjóðnum, umfram áætluð venjuleg vanhöld og skylt er að bæta. Venjuleg vanhöld teljast það, ef skaðabætur þær, sem váttryggingarsjóður greiðir ($\frac{4}{5}$ hlutar fullra skaðabóta) fyrir vanhöld á einu almanaksári nema $\frac{2}{3}$ hlutum af öllum iðgjöldum sjóðsins tilheyrandi sama almanaksári. Ef $\frac{2}{3}$ hlutar af öllu ársiðgjaldi váttryggingarsjóðs hrökkva ekki til að greiða hinn skaðabótaskylda hluta vanhaldanna, bætir þannig Búfjártryggingarsjóður Íslands það, sem á vantar. Miðast iðgjöld og skaðabætur hér við alla flokka váttryggðra gripa samanlagt.

Skýrslur um skaðabótavirðingar skal stjórn váttryggingarsjóðs senda Búfjártryggingarsjóði Íslands jafnóðum eins og fyrir er mælt í 4. gr.

21. gr.

Þá er stjórn váttryggingarsjóðs hefir lokið við ársreikning sjóðsins fyrir 15. jan. ár hvert, sbr. 16. gr., skal hún, eigi síðar en 20. jan., senda Búfjártryggingarsjóði Íslands viðskiptareikning, þar sem honum sé fært til tekna:

1. $\frac{1}{5}$ hluti iðgjalda þeirra frá fyrra ári, sem við hafa bæzt síðan síðasti viðskiptareikningur var sendur.
2. $\frac{1}{5}$ hluti ársiðgjaldsins fyrir hið nýbyrjaða ár af öllum gripum, sem í tryggingu voru um áramót.

Til skuldar færast á viðskiptareikninginn:

Hluti Búfjártryggingarsjóðs Íslands, ef nokkur er, af skaðabótaskyldum vanhöldum síðasta árs.

Þegar Búfjártryggingarsjóður Íslands hefir meðtekið viðskiptareikninginn, sendir hann váttryggingarsjóði athugasemdir sínar við hann, ef nokkrar eru, en annars viðurkenningu sína á honum, og er þá skuld samkvæmt reikningnum fallin í gjalddaga fyrir hvorn aðilja sem er.

Nú verða vanhöld svo mikil á einu ári í váttryggingarsjóði, að handbært fé sjóðsins hrekkur ekki til greiðslu á föllnum skaðabótum, og er þá Búfjártryggingarsjóði Íslands heimilt að leggja honum til nægilegt fé í bili til að greiða áfallnar skaðabætur, þó fyrir ofangreindan gjalddaga sé, sbr. þó 17. gr.

V. KAFLI.

Sektarákvæði.

22. gr.

Brot váttryggjanda og vanræksla á ákvæðum laganna og reglugerðar þessarar og á reglum þeim og skilyrðum sem þar eru sett, varðar eftir mála-vöxtum missi skaðabótaréttar eða sektum.

Eftirfarandi brot, auk þess, sem ræðir um í 12. gr., varða missi skaðabótaréttar:

104
30. okt.

1. Ef váttryggjandi brýtur ákvæði 6. gr. um bólusetningu á hrútum eða geldingu á stóðhestum.
2. Ef váttryggjandi vanrækir að leita lækninga við doða samkvæmt 11. gr.
3. Ef váttryggjandi að dómi sjóðsstjórnarinnar vanrækir að tilkynna virðingarmanni eða sjóðsstjórn áorðin vanhöld svo fljótt sem við verður komið og með þarf til þess að hægt sé að framkvæma rétt mat á vanhöldunum, eða að öðru leyti brýtur reglur þær héraðlútandi, sem sjóðsstjórnin setur samkv. 13. gr.

Önnur brot, svo sem ef váttryggjandi vanrækir að halda fyrirskipaðar fóður- og afurðaskýrslur, eða verður uppvís að því að hafa gefið rangar eða villandi skýrslur, varða sektum, 5—200 kr., sem renna í váttryggingarsjóð þann, sem brotið er við.

23. gr.

Með mál gegn brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lög-reglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. október 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT

um

breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða á Ísafirði.

Í stað orðanna „kl. 2 síðdegis“ í fyrri málsgrein 5. gr. komi: kl. 12 á hádegis. Í stað orðanna „til 2. dags janúarmánaðar“ í síðari málsgreininni komi: fram yfir þrettánda.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 74, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918 og lög nr. 12, 7. maí 1928, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. október 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

105
30. okt.